


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Fréttir og félagsmál

Sannleikurinn hefur löngum átt erfitt uppdráttar hjer á jörðu, og því meir, því merkilegri sem hann hefur verið.

Helgi Pjeturss



Útgefandi: Félag Nýalssinna.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

„Haldi Hel því, er hefir“

(Sjá forsíðumynd)

Í Gylfaginningu Snorra segir frá dauða Baldurs, og frá því, hversu mikill harmdauði hann var öllum Ásum. Síðan greinir frá því, er Hermóður hinn hvati, sonur Óðins, hefur verið fenginn til að „*riða á helveg ok freista, ef hann fái fundit Baldr, ok bjóða Helju útlausn, ef hon vill láta fara Baldr heim í Ásgarð*“.

Segir síðan frá för Hermóðs og frá komu hans til hallar Helju. Framhald sögunnar segir Snorri þannig:

Pá reið Hermóðr heim til hallarinnar ok steig af besti, gekk inn í höllina, sá þar sitja í öndugi Baldr, bróðr sinn, ok dvalðist Hermóðr þar um nöttina. En að morgni þá beiddist Hermóðr af Helju, að Baldr skyldi riða heim með honum, ok sagði, hversu mikill grátr var með ásum.

En Hel sagði, að þat skyldi svá reyna, hvárt Baldr var svá ástæll — „sem sagt er. Ok ef allir hlutir í heiminum, kykvir ok dauðir, gráta hann, þá skal hann fara til ása aftr, en haldast með helju, ef nakkvarr mælir við eða vill eigi gráta“.

Pá stóð Hermóðr upp, en Baldr leiddi hann út ór höllinni ok tók bringinn Draupni ok sendi Óðni til minja, en Nanna sendi Frigg rifti ok enn fleiri gjafar, Fullu fingrgull. På reið Hermóðr aftr leið sína ok kom í Ásgarð ok sagði öll tíðendi, þau er hann hafði sét ok heyrta. Því næst sendu æsir um allan heim erendreka að biðja, at Baldr væri grátinn ór helju, en allir gerðu þat, menninir ok kykvendin ok jörðin ok steinarnir ok tré ok allr málmr, svá sem þú munt sét hafa, at þessir hlutir gráta, þá er þeir koma ór frosti ok í hita.

Pá er sendimenn fóru heim ok höfðu vel rekið sín erendi, finna þeir i helli nökkurum, hvar gýgr sat. Hon nefndist Pökk. Þeir biðja hana gráta Baldr ór helju. Hon segir:

*„Pökk mun gráta
þurrum tárum
Baldrs bálfarar;
kyks né dauðs
nautk-a ek Karls sonar,
haldi Hel því, er hefir“.*

En þess geta menn, at þar hafi verit Loki Laufeyjarson, er flest hefir illt gert með ásum.“

Myndin á forsíðu á að sýna gýgurina Pökk, í því hún ber fram þau orð, sem henni eru eignuð í ofangreindum texta.

Ingvar Agnarsson.

Myndin er úr bókinni *Gudar och hjälter i Norden* eftir Anders Bæksted.

Fréttir af félagsstarfi

Félagsfundur 6. september 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 6. september 1978 og hófst hann kl. 21,00.

Fundinn sóttu 22 menn.

Formaður félagsins, Atli Hraunförd setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, 2. ágúst 1978 og var hún samþykkt.

Inntökubeiðni í Félagi Nýalssinna bárust frá eftirfarandi einstaklingum:

Svava Jónsdóttir, Grenigrund 2A, Kópavogi.

Árni Þór Helgason, Brúarföt 5, Garðabæ.

Guðrún Norðdahl, Holtagerði 58, Kópavogi.

Björn Hrafnsson, Kópavogsbraut 66, Kópavogi.

Voru þessir aðilar samþykktir sem félagsmenn af fundargestum.

Upplestur: Guðmundur Jónsson, Kópsvatni, las grein úr tímaritinu Súlur og ber hún nafnið „Varstu að kalla?“ eftir Kristbjörgu Kristjánsdóttur frá Jódíslarstöðum. Fjallar greinin um ýmis merkileg fyrirbæri, eins og að nema hugsanir annarra, finna týnda hluti o. fl.

Umræður urðu nokkrar um efni þessarar greinar og tóku ýmsir til máls.

Pétur Gíslason mælti á þessa leið: Það var ekki meining Helga Pjeturss að trúa heldur að skilja og rannsaka. Kristbjörg hefur verið í leiðsluástandi á sama hátt og Hermann Jónasson. Hann fann hluti eftir annari ábendingu. Sagan um ungfrú Sagan, sem var samtímis inni í húsi og úti í garði. Allt er þetta sambandsástand og því allt hliðstæðir atburðir.

Þorsteinn Guðjónsson: Ef fólk heyrir heyrnir hlýtur að vera um sambandsskynjun að ræða.

Maður kom að á, sem hann ætlaði að fara yfir og er hann kom út í ána heyrði hann kallað: „Snúðu við!“ og hann hlýddi þessu kalli og komst að því, að áin var alveg ófær. Parna mun hafa verið um að ræða rödd eða áhrif frá framliðnum vini. Eins mætti hugsa sér, að það sem Snjóka heyrði sé ekki að öllu hugsun eða orð Kristbjargar, heldur sé hér um að ræða bein áhrif frá framliðnum vini, sem hafi viljað verða Snjóku til hjálpar.

Atli taldi líklegt, að hér hafi verið um að ræða sterka hugsun Kristbjargar, sem hafi komið sem kall eða hróp í huga Snjóku.

Porsteinn: Ég álít að frásögnin beri þess vott að um samband við framliðinn sé að ræða.

Guðmundur Ingi taldi að aðeins sé um að ræða samband milli Kristbjargar og Snjóku og að ekki þurfi til að koma utanaðkomandi áhrif.

Félagsmál. Atli Hraunfjörð reifaði málið.

Landeignanefnd var kosin. Borist hefur bréf, þar sem óskað er eftir að kaupa 1 ha lands.

Atli fól Magnúsi Skarphéðinssyni að gera grein fyrir fjármálum vegna húskaupanna, og mæltist honum á þessa leið: Síðustu greiðslu af húsinu í gær, tókst að inna af höndum, en alls ekkert er til upp í næstu afborgun. Félagssjóður er að fullu tæmdur. Við í húsnefnd höfum viljað að reynt yrði að selja landskika til að fá upp í kostnað við afborgun af húsinu og til innréttингa innan húss. Porkell Gunnarsson hefur keypt einn landskika og annar hektari var seldur sl. vor. Tilboð hefur borist í 2 landskika, og óskum við eftir að þeim tilboðum verði tekið.

Atli las upp kauptilboð frá Steinari Karlssyni á 0,7 ha fyrir kr. 1,1 millj. Kr. 600,000 við samning, en afganginn síðar.

Atli las síðan upp annað kauptilboð frá Valdimar Samúelssyni, flugstjóra, á 7,384 m² lands. Býðst hann til að greiða helming strax en afganginn síðar.

Magnús Skarphéðinsson: Mér finnst heiðalöndin í landi Laugar-dals vera mun fallegri en þau lönd, sem fyrst yrðu sold. Skipta þyrfti öllu landinu sem fyrst, og velja svo einhverja bletti til afnota fyrir félagið sjálft. Nú hefur réttur uppdráttur verið gerður af landinu eftir loftmynd sem Landmælingar gerðu.

Ingvar gerði fyrirspurn til Magnúsar:

1. Hver er munur á flatarmáli landsins frá fyrri mælingu og á ykkar nýju mælingu?

2. Þið fenguð Landmælingar til að gera loftmynd af landinu. Hversu mikil kostar þessi nýja loftmynd og þessar nýju mælingar?

Magnús upplýsti að landið hefði nú verið mælt upp rétt og hefði kostað hjá Landmælingum kr. 40,000 og hefði hann sjálfur greitt þetta fé til bráðabirgða.

Atli las upp kauptilboðið frá Valdimar Samúelssyni og bar það undir atkvæði. Var það tilboð samþykkt með 14 atkvæðum en 4 voru á móti.

Og kauptilboðið frá Steinari Karlssyni var borið undir atkvæði. Voru 13 með en 4 á móti.

Þorsteinn kvaðst vera á móti þessari atkvæðagreiðslu um landsölu á þeim forsendum að ekki hefði verið rétt staðið að þessu máli, og því ekki formlega rétt á málum haldið, þar sem stjórnin hefði ekki enn komið sér saman um afgreiðslu þessa máls. Þorsteinn kvað þetta ekki vera í fyrsta sinn, sem svona hafi verið farið í kringum hlutina, heldur hafi alltaf verið farið svona að, í hvert skipti sem land hafi verið selt. Allt hafi verið gert á síðustu stundu, og ákvörðun tekin á fundum án undanfarandi athugunar af hálfu stjórnarmanna félagsins.

Atli las upp bréf frá Húsnefnd Nýalsbúðar, ásamt kostnaðaráætlun um standsetningu hússins að innan:

*Sendandi: Húsnefnd Nýalsbúðar, Njálgsgötu 40, Rvík.
Viðtakandi: Stjórn Félags Nýalssinna.*

Kæru félagar.

Tilefni þessa bréfs er að fara góðfúslega fram á að félagssjóður aðstoði hússjóð Nýalsbúðar við standsetningu húsnæðisins, svo betri nýting þess geti átt sér stað fyrir félagið. Hefur þetta mál verið rætt nokkuð ýtarlega meðal félaganna og orðið niðurstaða um að befjast handa við standsetningu og frágang hússins. Eins og kunnugt er þá þurfti húsið tölverðrar endurbóta við strax í upphafi til að geta bjónað tilgangi sínum sem best. Áttu sér stað fljótlega eftir að kaupin tölverðar lagfæringar og umbætur. Þó aðallega utan-húss og á þaki. Er nú komið að aðalverkefni standsetningarinnar, þ. e. frágangi innanhúss. Þar er þá fyrst að nefna standsetningu á fundarsal á efri hæðinni, um-

bóturnum á miðhæðinni og inngangi, og enn fremur standsetningu verslunaraðstöðunnar svo stjórnin geti nýtt sér þann möguleika sem henni býðst þar sem best. Er hér á ferðinni mjög athyglisverð aðstaða til útbreiðslustarfsemi félagsins hér niðri í Reykjavík. Því er ekki að leyna að framkvæmdir þessar kosta mikil fé og verða ekki gerðar allar í einu. Voru þessi mál rædd allýtarlega nú á húsnefndarfundi þ. 16. júní 1978. Var ákvæðið að brýnast væri að koma fundaraðstöðunni á efri hæðinni sem fyrst í skaplegt horf. Yrði síðar tekið til við hæðina og verslunaraðstöðuna, auk margs annars sem einnig byði úrlausnar. Samþykkti fundurinn að ganga fyrst í fundarsalinn og stefna að því að fullgera það verkefni fyrir haustið, svo grósku-mikil starfsemi geti farið þar fram í veturn. Var gerð í því skyni mjög ýtarleg kostnaðaráætlun um þessar umbætur. Miðað var við að félagsmenn gæfu alla vinnu við umbæturnar eins og boð hafa komið um, svo einungis er um að ræða efniskostnað og hluta af nauðsynlegustu fagvinnu svo sem raðmagnslausr og pípulagningarvinnu. Fylgir ljósrit af kostnaðaráætlun þessari hér með. Er því eins og fyrr sagði farið góðfúslega fram á að félagssjóður fjármagni þessar framkvæmdir að einhverju leiti svo viðunandi fundaraðstaða verði fyrir hendi. Myndu önnur verkefni bíða seinni ímta. Gætum við til dæmis hugsað okkur að félags-sjóður greiddi helming efniskaupanna á móti húsnefndinni. Yrði væntanlega binum helmingnum bá safnað með samskotum og því sem til væri og yrði í bússjóði. Pyrfti þessi stuðningur ekki að ganga fyrir sig í einu lagi. Er mjög hugsanlegt að skipta því eitt-hvað niður fram á haustið. Leyfum við því okkur að fara fram á að stjórnin komi saman hið fyrsta og ræði betta mál. Værum við einnig með ánægju reiðubúin til viðræðna um það nánar.

Með Nýalskveðjum, Húsnefnd Nýalsbúðar,
Magnús Skarphéðinsson, Gunnar Grímsson, Sigríður
Jónsdóttir, Benedikt Björnsson, Sigurður Benediktsson.

**KOSTNAÐARÁÆTLUN V/BREYTINGA OG
STANDSETNINGU Á FUNDARSAL NÝ ALSBÚÐAR**

A HLUTI, INNRÉTTINGAR:

| | | |
|--|--------------------|--------------------|
| <i>Færa rafmagnstöfluna og endurnýja rafmagn ...</i> | <i>Kr.</i> | 80.000 |
| <i>Efni í eldhúskrók</i> | <i>—</i> | 35.000 |
| <i>Pípulagningarvinna og efni</i> | <i>—</i> | 45.000 |
| <i>Málning</i> | <i>—</i> | 20.000 |
| <i>Loftljós og stæði</i> | <i>—</i> | 60.000 |
| <i>Loftplötur</i> | <i>—</i> | 35.000 |
| <i>Klæðningsplötur 13 st. (2.760/-)</i> | <i>—</i> | 35.000 |
| <i>Veggfóður á súðir</i> | <i>—</i> | 40.000 |
| <i>Ýmislegt (t. d. hillur, borð o. fl.)</i> | <i>—</i> | 70.000 |
| | <i>Samtals ca.</i> | <i>Kr. 420.000</i> |

B HLUTI, TEPPI:

| | | |
|--|------------|----------------|
| <i>Teppi á fundarsalinn (ca. 46 m² 5.700 -/m²) ...</i> | <i>Kr.</i> | 260.000 |
| <i>Teppi á stigann (ca. 3½ m² 5.500 -/m²)</i> | <i>—</i> | 20.000 |
| | <i>Kr.</i> | <i>280.000</i> |

C HLUTI, STÓLAR:

| | | |
|--|------------|------------------|
| <i>Stólar, 50 st. (ca. 20.000,- 00 - 25.000,-)</i> | <i>Kr.</i> | 1.150.000 |
| <i>Kollar, 20 st. (ca. 5.000,-)</i> | <i>—</i> | 100.000 |
| | <i>Kr.</i> | <i>1.250.000</i> |

D HLUTI, HLJÓMTÆKI:

| | | |
|---------------------------------|--------------------|----------------------|
| <i>Hljómflutningstæki</i> | <i>Kr.</i> | 250.000 |
| <i>Segulband</i> | <i>—</i> | 120.000 |
| | <i>Kr.</i> | <i>350.000</i> |
| | <i>Samtals ca.</i> | <i>Kr. 2.300.000</i> |

Er öll vinna gefin af félagsmönnum eins og boð hafa komið fram um, samþykkt á Húsnefndafundi Nýalsbúðar að ganga í áætlunina og stefnt að því að fullgera fyrir veturinn 1978—'79, ef möguleiki er.

Tillögur um verðhækkun á Nýalsbókum.

Ingvar Agnarsson ræddi um þau mál.

Fyrir nokkrum árum var verð á Nýalsritunum hækkað úr kr. 3.000 í kr. 10,000. Var það síst of mikil hækkun. Síðan þá hefur verðlag hækkað mjög mikið á öllum hlutum og ekki síst á bókum. Nauðsynlegt er því að hækka þessar bækur enn. Nú er svo komið, að tiltölulega fá eintök eru eftir af þessu ritverki, líklega milli 100 og 200 eintök. Þessar fáu bækur mega helst ekki lenda hjá öðru fólk en því, sem fullan áhuga hefur á að lesa þær, og sem vill kynna sér kennigar Helga Pjeturss. Hækkað verð bókanna mun verða til þess, að aðeins áhugafolk um þessi málefni mun kaupa þær.

Pétur Gislason: Síðasta hækkun á Nýal varð til þess að draga mjög úr kaupum á bókunum. Næsta útgáfa þarf að vera vönduð, með registri.

Ingvar mælti með því að stjórninni væri falið að fjalla um og ákveða hækkun á Nýalsbókunum. Var sú tillaga samþykkt.

Verslunarnefnd.

Magnús Skarphéðinsson mælti: Skrifleg skýrsla verður send stjórninni bráðlega. Fundur var haldinn nýlega um þessi mál. Ég álit að í Nýalsbúð verði mjög góð aðstaða til sölu á Nýal og á öðrum skyldum bókum innlendum og erlendum.

Húsnefndir:

Magnús Skarphéðinsson gerði grein fyrir starfsemi húsnefndar á Njálsgötu 40, en Þorsteinn gerði grein fyrir starfsemi húsnefndarinnar á Álfhólsvegi 121.

Pétur Gislason: Húsnefndir hafa verið skipaðar. En ekki kemur það að gagni nema samhugur ríki á fundum slíkra nefnda. Allir fundir verða að vera óþvingaðir af ströngum formum. Það er hinn frjálsi andi, sem verður að ráða. Því aðeins getur orðið um framfarir að ræða. Helgi Pjeturss sagði: Peir sem stunda miðils-fundi á Íslandi skyldu spryja „andana“ hvar þeir eiga heima.

Magnús Skarphéðinsson las upp eftirfarandi tillögu:

Félagsfundur mælist til þess eindregið við stjórnina, að farið verði að vinna bið fyrsta að uppskiptingu á landi félagsins að Gröf í Laugardal svo allar niðurstöður liggi fyrir í síðasta lagi í apríl í vor. Með hliðsjón af því verði næsta sumri varið óskiptu til gróðursetningar

*og jarðvinnslustarfa með tilliti til væntanlegra summar-
búða félagsins þar. — Magnús Skarphéðinsson.*

*Steingerður Porsteinsdóttir talað um standsetningu lóðarinnar
á Álfhólsvegi 121, og kvað slíka lagfæringu hafa dregist alltof
lengi.*

*Porsteinn Guðjónsson kvað áríðandi að stjórn félagsins tali við
stjórn bæjarins um möguleika á því, að félagið eignist 3 m ræmu
á austurmörkum lóðarinnar, umfram það, sem féluginu hefur
áður verið ætlað.*

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,30.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 4. október 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 4. október 1978 og hófst hann kl. 21,00.

Magnús Skarphéðinsson setti fundinn og stýrði honum í fjarveru formanns.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.

Ingvar gat þess að á síðasta stjórnarfundi hefði verið samþykkt, að falla frá sölu á þeim jarðarparti, sem samþykkt hafði verið á félagsfundi í september, að selja Valdimar Samúelssyni, enda hefur hann óskað eftir að þau kaup mættu ganga til baka.

Inntökubeiðnir bárust Félagi Nýalssinna frá eftirtöldum aðilum:

Jón Traustason, Skúlagötu 76, Rvík.

Óðinn Helgi Jónsson, Vesturbergi 54, Rvík.

Sigurjón B. Sigurðsson, Asparfelli 2, Rvík.

Sveinn Baldursson, Asparfelli 2, Rvík.

Helgi Valur Friðriksson, Torfufelli 23, Rvík.

Ari Tryggvason, Laugavegi 130, Rvík.

Voru þessir aðilar samþykktir sem félagar.

Magnús Skarphéðinsson las upp skýrslu verslunarnefndar Félags Nýalssinna og gerði nánari grein fyrir aðalefni hennar, og stefnu í sölu bóka, blaða og annars efnis sem snerta útbreiðslu Nýals-stefnunnar.

Pétur Gíslason tók til máls og kvað alveg tilgangslaust að setja

upp bókabúð og auk þess vantaði alveg fjármagn til þeirra hluta.

Magnús Skarphéðinsson upplýsti að umræðufundur sé boðaður í Nýalsbúð þann 18. október, þar sem rætt verði um ýmis mállefni starfseminnar á þeim stað. Hann upplýsti að 4 reglulegir miðilsfundir væru haldnir í Nýalsbúð í hverri viku. Taldi hann að vel hefði tekist til með miðilsfundi, og væru þeir stundum allfjölmennir, allt upp í 50 manns. Hann kvað ætlunina, að gefa út fréttabréf Nýalsbúðar, þar sem fréttir af starfseminni væru sendar út til félagsmanna mánaðarlega. Hann hafði meðferðis fyrsta eintak þessa nýja blaðs. Magnús gat þess að nýlega hefði birst í *Dagblaðinu* góð grein stjarnfræðilegs efnis „*Hvað er sál?*“ sem svör við *Spurningum og svörum*, sem birst hefði í Dbl. þá skömmu áður.

Pétur Gislason bar fram þá spurningu, hvort ekki væri heppilegra að fréttir um starfsemina í Nýalsbúð birtust í Fréttablaði Nýalssinna, heldur en í sérstöku fréttabréfi.

Magnús Skarphéðinsson ræddi um hugsanlega útgáfu Nýals, vísindalega útgáfu. Hann taldi og heppilegt, að gefa út eina stóra bók með veigamestu ritgerðunum sem í Nýal eru, en sleppa öðrum.

Helgi Guðlaugsson tók undir þau orð Péturs hvort ekki væri heppilegt að í Félagsblaði Nýalssinna væri birt það efni, sem Magnús hefur í huga að gefa út sem sérstakt fréttabréf. Til þess myndi þurfa sérstaka nefnd sem sæi um, að allar upplýsingar um starfsemi félagsins á báðum starfsstöðunum kæmu þar fram.

Magnús Skarphéðinsson upplýsti, að Valdimar Samúelsson, sá sem gerði tilboð í landskika í Laugardal, væri nú kominn til Afríku og að Hulda, móðir hans væri ekki reiðubúin að ganga frá þessum kaupum í hans stað. Magnús álítur, að selja ætti þennan skika öðrum manni eða hæstbjóðanda, en til þess þyrfti að leita annars kaupanda.

Helgi Guðlaugsson kvað mikla einingu hafa verið um þessa landsölu á síðasta fundi. Hann lagði til að tillaga Magnúsar yrði lögð fyrir stjórnina.

Pétur lagði til að þessi sala yrði ekki boðin út.

Helgi upplýsti, að 10. desember n. k. yrði að greiða kr. 622,000 vegna Njálsgötu 40. Hann lagði enn til, að ákvörðun um sölu landskikans, sem selja átti Valdimar Samúelssyni, yrði vísað til stjórnar félagsins og síðan til næsta félagsfundar.

Nokkrir fleiri tóku enn til máls um sölu umrædds landskika og sýndist mönnum nokkuð sitt á hvorn veg.

Magnús bar því fram þá tillögu, að sölu á þessum parti yrði vísað til félagsstjórnar og skyldi hún leita eftir kaupanda, ef henni sýndist svo.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 22,45.
Fundinn sóttu 14 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 1. nóvember 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 1. nóvember 1978 og hófst hann kl. 21,00.

Atli Hraunffjörð, formaður félagsins, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, sem haldinn var 4. október og var hún samþykkt.

Inntökubeiðnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Ragnheiður Gunnarsdóttir, Sandholti 19, Ólafsvík.

Sigurður Ásmundsson, Karfavogi 54, Rvík.

Voru þeir samþykktir sem félagar.

Listi með inntökubeiðnum í félagið hafði borist féluginu frá Akureyri, svohljóðandi:

Undirritaðir félagar óska að gerast félagar í Félagi Nýalssinna í Reykjavík, en starfa í Akureyrardeild félagsins, sem aðsetur hefur á Akureyri:

Jóhannes Baldvinsson, Byggðavegi 136, vélvirki.

Þorsteinn Konráðsson, Háalundi 12, vélsmiður.

Guðmundur Ragnarsson, Pórunnarstræti 93, nemi.

Gunnar Jónasson, Eyrarvegi 16, nemi.

Guðmundur St. Jacobsson, Byggðavegi 142, plötusmiður.

Magnús S. Thorarensen, Lönguhlíð 13, húsasmiður.

Halldór Hannesson, Grenivöllum 12, vélvirki.

Jakob Jóhannsson, Víðilundi 14.

Esther B. Vagnsdóttir, Einholti 40, kennari.

Magnús Sigþórsson, Ránargötu 13.

Tillaga kom fram um að vísa inntoku þessara umsækjenda til félagsstjórnar. Var greitt um þetta atkvæði og voru 4 með en 6

á móti. Eru því þessir aðilar hér með löglegir félagar í Félagi Nýalssinna.

Magnús Skarphéðinsson tók til máls og gerði grein fyrir starfsemi þeirri, sem fram hefur farið í Nýalsbúð í októbermánuði. Hann kvað ætlunina að koma þar upp myndarlegu bókasafni. Þá kvað hann ætlunina vera að hafa opinn skrifstofutíma á fimmtudögum kl. 5—7. Opnir sambandsfundir munu framvegis verða á fimmtudögum, að sögn Magnúsar. Hljómupptökutæki hefur þegar verið keypt.

„Verur á öðrum hnöttum“. Atli Hraunfjörð las upp grein með þessu nafni, en hún birtist í „Fréttir frá Sovétríkjunum“ 18. tbl. sept. 1978.

Talað er í grein þessari um leit að framandi menningarstöðvum og að þeirri leit sé nú beint að sólhverfum, þar sem sólir eru á svipuðu stigi og okkar sól. Þá er og talað um hugsanlega möguleika á að leita eftir merkjum frá háþróuðum mannkynjum, og þá einkum í nánd við miðkjarna vetrarbrautar okkar. Talað er um hugsanlega ofurmenningu, stórar geimbyggingar og nýtt rými. Telur greinarhöfundur að helstu ráðin til að uppgötvu fjarlæg hámenningarmannkyn, sé að nota stærstu nútíma radíóstjarnsjá. Höfundur þessarar greinar er rússneskur og heitir Nikolai Kardasev og stjórnar geimrannsóknarstofnun í Sovétríkjunum.

Þorsteinn upplýsti, að það sem fram kemur í grein þessari, hafi verið flutt á ráðstefnu, sem haldin var fyrir sjö árum á ráðstefnu Bandaríkjamanна og Sovétmanna í borginni Bjúrakan í Kákásus árið 1971.

Jólasaga. Atli las upp úr Nýal söguna *Jólasögu* eftir Helga Pjeturss. Á eftir lestri hennar tóku ýmsir til máls og ræddu um efni hennar og þann skilning sem í henni felst.

Magnús Skarphéðinsson ræddi um deilumál innan félagsins, og taldi, að sú starfsemi, sem fram færi í Nýalsbúð, væri án deilna.

Pétur Gislason mælti á þessa leið: Kenningar Helga á að taka til rannsóknar af ví sindamönnum. Kenning H. P. er framhald af spíritismanum. Peir kenna, að lífið haldi áfram og Helgi gerði þá uppgötvun, að lífið heldur áfram á öðrum stjörnum.

Þorsteinn, Ingvar, Helgi, Magnús og Atli tóku til máls og ræddu um ýmis málefni út frá nýólskum skilningi.

Magnús Skarphéðinsson bar fram eftirfarandi tillögu:

Félagsfundur Félags Nýalssinna þann 1. nóv. 1978
samþykkir að heimila sölu á skika lands félagsins merkt

A-7 að stærð 0,73 km og liggi það fyrir til afgreiðslu á næsta félagsfundi í desember. Skal fjármununum varið til afborgana af Nýalsbúð þ. 10. 12. '78 og til standsetningar á fundarsal starfsmiðstöðvarinnar, sem nánari grein hefur verið gerð fyrir áður.

*Magnús Skarphéðinsson,
Steinar Ragnarsson,
Pétur Kúld Eysteinsson,
Guðm. Yngvi H. Yngvarsson,
Helgi Guðlaugsson.*

Porsteinn mælti gegn samþykkt þessarar tillögu.

Helgi kvað þessa tillögu hafa átt að fara til umfjöllunar stjórnarinnar, en þar sem hún (stjórnin) hafi enn ekkert gert í þessu máli, þá fór hann fram á, að þessi tillaga yrði samþykkt á þessum fundi, svo að hægt væri að leysa fjárhagsmál Nýalsbúðar.

Porsteinn kvað þetta vera gagnstætt fyrri samþykktum stjórnarinnar, þar sem ekki var talin þörf á meiri landsöllum á þessu ári, til að standa skil á afborgunum á Nýalsbúð.

Magnús tók enn til máls og lagði mikla áherslu á, að þessi fundur samþykkti sölu á viðkomandi jarðarparti.

Ingvar beindi þeirri spurningu til Gunnars Grímssonar, gjaldkera félagsins, hvort landsala nú væri óhjákvæmileg vegna afborgana af húsinu.

Gunnar kvað enn ógreitt um 620 þús. kr. Upp í þá upphæð vantar enn um 100 þús. kr. og taldi hann hugsanlegt, að einhverjir yrðu til að hlaupa undir bagga, til að bjarga þeim málum.

Porsteinn kvað lengi hafa staðið á að geta gengið að fullu frá lóðinni að Álfhólsvegi 121, og þyrfti að huga að þeirri framkvæmd, þegar fé væri fyrir hendi.

Magnús mælti eindregið með því að fé yrði varið til að standsetja fundarsal í Nýalsbúð. Rafmagnsviðgerðirnar væru enn að nokkru ógreiddar. Nauðsynlegt væri að afla fjár með landsölu, til að ganga frá þessum málum öllum: afborgun, standsetning fundarsalar, rafmagnskostnaði o. fl.

Helgi kvað einstaka félagsmenn hafa lagt í Nýalsbúð allt að 4.000.000. Hann kvað sér finnast eðlilegt að notendur Nýalsbúðar legðu sjálfir fram fé, til standsetningar funlarsalar o. fl. og að notendur Álfhólsvegar 121 legðu þá sjálfir fram fé til lóðarinnar þar. Hann bar fram þá hugmynd, að umræddan landskika mætti selja og skipta jafnt á milli þessara tveggja starfsstöðva.

Þorsteinn kvað þá samþykkt hafa verið gerða til sáttu á sínum tíma, að aðeins skyldi selja land til að standa straum af kaupum hússins að Njálgötu 40.

Magnús kvað milljónakostnað vera við standsetningu fundarsalar í Nýalsbúð, og því nauðsynlegt að fjármagna þessa framkvæmd með sölu lands.

Ingvar spurði hvort almennur áhugi væri fyrir þessari breytingu á fundarsal í Nýalsbúð, eða hvort um væri að ræða áhuga aðeins fárra manna.

Magnús svaraði og kvað almennan áhuga vera fyrir breytingum á fundarsal í Nýalsbúð.

Tillaga Magnúsar var síðan borin undir atkvæði og voru 6 með en 4 á móti. Var því tillagan felld þar sem tvo þriðju hluta atkvæða þarf til samþykktar mála sem þessara.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,20.

Fundinn sóttu 14 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

Félagsfundur 6. desember 1978

Félagsfundur var haldinn í Félagi Nýalssinna, miðvikudaginn 6. desember 1978 og hófst kl. 21,00.

Atli Hraunfjörð, formaður félagsins, setti fundinn og stjórnaði honum.

Ingvar Agnarsson las fundargerð síðasta fundar, frá 1. nóvember og var hún samþykkt.

Inntökubeiðnir í félagið bárust frá eftirtöldum aðilum:

Ívar Hannesson, Granaskjóli 11, Rvík.

Guðríður Jónsdóttir, Stífluseli 6, Rvík.

Voru þau samþykkt einróma sem félagar.

Vegur þekkingarinnar. Helgi Guðlaugsson flutti erindi með þessu nafni, þar sem hann rakti ýmis undirstöðuatriði hins nýalska skilnings.

Að erindi Helga loknu tóku ýmsir til mál og létu í ljós ánægju sína yfir efni þess.

Sveinn Baldursson taldi nauðsyn á að erindi um Nýalsmál væru flutt á opinberum vettvangi, meira en hingað til hefði verið gert.

Halldór Vigfússon gerði ráð fyrir, að erfitt væri að koma slíku

efni á framfæri í fjölmíðlum, og myndu flestar greinar um Nýölsk málefni, lenda í ruslakörfum þeirra.

Magnús Skarphéðinsson mælti með því að erindaflokkur yrði fluttur í útvarkinu, t. d. 6 til 8 erindi.

Atli Hraunfjörð gerði ráð fyrir að ekki yrði mjög mikil fyrirstaða í útvarkinu og kvaðst hann sjálfur hafa reynt þetta, og tvísvar lesið upp í útvarkinu, fyrir nokkrum árum.

Helgi Guðlaugsson talaði um tilgátur Brúnós og um tilgátur Helga Pjeturss og minnti á, að nú gætu allir skilið og verið vissir um, að hér væri um staðreyndir að ræða.

Kosning húsnefndar Nýalsbúðar. Atli kvað fjóra af nefndarmönnum hafa óskað eftir að hætta störfum í nefndinni. Hefði því stjórn Félags Nýalssinna ákveðið, að kjósa nýja nefnd.

Hann kvað uppástungur um nýja húsnefnd hafa komið fram og hefðu viðkomandi menn samþykkt að taka þátt í henni:

Þórhallur Sigmundsson,
Kjartan Norðdahl,
Þorkell Gunnarsson,
Marta Sveinbjörnsdóttir,
Pétur Kúld Eysteinsson.

Sveinn Baldursson gerði fyrirspurnir vegna þessara breytinga á húsnefnd og skýrði Atli nánar frá tildögum þessarar breytingar.

Magnús Skarphéðinsson tók til máls, og skýrði ástæður þess, að fjórir hafa óskað eftir að hætta störfum í húsnefndinni. Menn væru ekki sammála um allt, sem reynt hefur verið að gera í Nýalsbúð. Magnús las upp bréf frá formanni Félags Nýalssinna mu að ný nefnd yrði skipuð. Einnig annað bréf, þar sem óskað er eftir að Magnús taki að sér forystu í landsölunefnd. Magnús kvað skipt hafa verið um skrá á húsinu, og aðeins einn maður hefur þar nú lyklavöld. Umræðufundur var haldinn í Nýalsbúð, þar sem formaður, Atli Hraunfjörð fann störfum og framkvæmdum húsnefndar margt til foráttu. Magnús kvað Atla hafa gagnrýnt eitt og annað, m. a. útgáfu Fréttablaðsins, en það er ósköp lítið fyrirtæki að gefa það út og ekki kostnaðarsamt. Magnús kvað engu mega breyta og að ekkert nýtt megi koma fram.

Helgi áleit að með nýrri uppástungu um húsnefnd sem samþykkt sé á félagsfund, sé fyrri húsnefnd úr sögunni.

Magnús Skarphéðinsson bar fram aðra tillögu um menn í húsnefnd, svohljóðandi:

Kjartan Norðdahl,
Pétur Kúld Eysteinsson,
Magnús Skarphéðinsson,
Sveinn Baldursson,
Þórhallur Mát Sigmundsson.

Tillaga frá Magnúsi Skarphéðinssyni í húsnefnd Nýalsbúðar frá 1/12 1978 til 31/12 1979.

Báðar tillögurnar voru bornar undir atkvæði.

Uppástunga Atla var samþykkt með 4 atkvæðum.

Uppástunga Magnúsar var samþykkt með 6 atkvæðum.

Síðari uppástungan telst því samþykkt.

Tillaga kom fram frá Halldóri Vigfússyni, svohljóðandi:

Kærur félagar:

Ég geri það að tillögu minni, að stjórn félagsins efti til kynningarfundar á Akranesi, um málefni Nýals.

Par verði meðal annars sýndar Lífgeislamyndir. Að öðru leyti verði áhersla lögð á lækninga starfsemi miðla, draumsambönd.

Fundurinn verði auglýstur vel.

Virðingarfyllst, Halldór Vigfússon.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Tillaga frá Magnúsi Skarphéðinssyni:

Félagsfundur Félags Nýalssinna þ. 6. des. 1978 samþykkir að framvegis kjósi starfshópar starfsmiðstöðva félagsins húsnefndir sínar og enn fremur starfsskipulag í aðalatriðum í samráði við stjórn félagsins hverju sinni.

Magnús Skarphéðinsson.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 6 atkvæðum (enginn á móti).

Að lokum bar Atli Hraunfjörð fram svohljóðandi yfirlýsing:

„Eitt af því sem formaður og/eða aðrir stjórnarmenn verða að forðast, er að skapa um sig deilur og er það skylda þeirra, að draga sig í hlé, ef þeim mistekst að lægja öldurnar. Í ljósi þessa, þar sem um mig er deilt, dred ég mig í hlé og lét öðrum eftir sæti mitt í stjórninni“.

Atli Hraunfjörð.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 23,25.

Fundinn sóttu 18 manns.

Ingvar Agnarsson, fundarritari.

ÓLAFUR PÓRÐARSON — MINNING

Ólafur Þórðarson, Nýalssinni, lézt 1977.

Ólafur var sonur Þórðar Magnússonar og Þórunnar Sveinsdóttur (systur Jóhannesar Kjarvals og þeirra bræðra) og ólst hann upp í Reykjavík hjá foreldrum sínum. Stundaði hann ýmis verzunar- og skrifstofustörf í Reykjavík og var lengi starfsmaður hjá Lýsi hf., kunnu fyrirtæki. Hann var giftur Guðrúnu, dóttur Jóns Straumfjörðs, sem var húsvörður pósthússins í Reykjavík á undan föður mínum, og áttu þau Guðrún einn son, Jón Ólafsson, hinn kunna íþróttamann (hástökkvara), en þau skildu síðar.

Ólafur fékk berklaveiki og var höggyinn mikilli höggningu (11 rif minnir mig) og sá það tölувert á honum síðan, enda var hann hár maður og beinaber nokkuð. Ég kynntist Ólafi fyrst á Vífilsstöðum, þegar ég var um tvítugt, og kom okkur undireins vel saman, enda kom það fljótt upp að báðir kunnum við að meta rit Helga Pjeturss.

Einhverju sinni, þegar ég ligg úti á Eyrarsundsspítala í Kaupmannahöfn, um það bil sem ég var höggyinn, dreymir mig Ólaf Þórðarson og eithvert sambland af ókunnum aðstæðum og kunnuglegum þar með. Rétt á eftir fæ ég bréf frá Ólafi, skrifað í Kaupmannahöfn, held ég, fremur en skömmu eftir að hann fór þar um, og segist hann vera að fara á hið kunna og virta *Vejlefjords Sanatorium* á Jótlandi, og vill fá mig með sér þangað. Bar það saman að Ólafur hafði verið í Kaupmannahöfn nöttina sem mig dreymdi drauminn, en áður vissi ég ekkert af ferðum hans.

Hvatning Ólafs varð til þess, að ég komst á *Vejlefjord* eftir höggningu, þó að það hefði tölverðan kostnað í för með sér, en áður hafði verið ráðgert að fara á annað hæli til þeirrar dvalar. Þykir mér líklegt að greitt hafi fyrir bata mínum að ég komst þangað, því að þar var gott að vera.

Ólafur Þórðarson var maður kátur og skemmtinn, fundvís bæði á það sem gaman var að og það sem furðulegt var og óvanalegt. Draumamaður var hann og sambönd rakti hann með hugarflugi á þann hátt sem fæstir leyfa sér að hugsa um, hvað þá að hafa orð á. Var því engin furða þótt við yrðum góðir kunningar. Þegar Félag

Nýalssinna var stofnað 1950 var hann á Vífilsstöðum en ég í Reykjavík og lét ég hann ekki vita — og engan annan, því ég miðaði við þá sem svarað höfðu áskorun Þorsteins Jónssonar í blöðnum. Ólafi líkaði ekki að hafa ekki verið láttinn vita, og gekk ekki í félagið að svo stöddu.

Löngu seinna gekk hann í félagið samkvæmt áskorun minni og hélt þá smá ræðustúf þar sem hann minntist á þetta atvik, og bætti svo við: „en hann gleymdi bara að láta mig vita, blessaður drengurinn!“ Þá hlógu allir.

Ólafur var maður félagslyndur og ræðinn við kunnuga og ókunnuga. Þegar hann átti hálf-fimmtugsafmæli þarna á Vejlefjord bauð hann í „smurbrauð“ ungfrú Galligani, öðrum Norðmanni, mér og nokkrum Dönum. Allt fór vel og skipulega fram í fyrstu, en síðan var eitthvað minnzt á mat og þá tóku Danirnir við sér. Þeir höfðu orðið það sem eftir var kvöldsins og héldu sig við umtalsefnið. En við Ólafur, ungfrú Galligani og hinn Norðmaðurinn horfðum hvert á annað með undrun í svip og svo sem lútandi einhverju órjúfanlegu náttúrulögþáli.

Nú er Ólafur kominn á aðra stjórn og er ég ekki í vafa um að skemmtilegt er að vera þar sem hann er.

P. G.

ASTROBIOLOGY

eftir Þorstein Guðjónsson

Bókin er 208 bls. að stærð myndskreytt og bundin í pappírskilju-hefti.

Bókin skiptist í 18 kafla, sem skipað er í sex aðaldeildir og eru fyrirsagnir þeirra þessar:

1. Pioneers (frumherjar)
2. Dreams (draumar)
3. Bioradiation (lífgeislun)
4. Life After Death (líf eftir dauðann)
5. Biodynamics (lifaflfræði)
6. Retrospect and Prospect (litazt um í fortíð og framtíð).

ASTROBIOLOGY er almenn kynning íslenzkrar heimsfræði á hinu víðlesnasta erlendu máli.

ASTROBIOLOGY skapar fræðum Nýals tengsl við ýmsa hina merkustu þætti í vísindaframvindu samtiðarinnar.

VERÐ KR. 1900.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN
Pósthólf 722, Reykjavík.

Bókin fæst í bókabúðum og hjá FÉLAGI NÝALSSINNA í Stjörnusambandsstöðinni, Álfhólsvegi 121, Kópavogi. Sími 40765. (Pósthólf 1159, Reykjavík).

EFNISYFIRLIT:

,,Haldi Hel því, er hefir (Sjá forsíðumynd) I. A. Bls. 42

FRÉTTIR AF FÉLAGSSTARFI:

| | |
|--------------------------------------|------|
| Félagsfundur 6. september 1978 | — 43 |
| Félagsfundur 4. október 1978 | — 49 |
| Félagsfundur 1. nóvember 1978 | — 51 |
| Félagsfundur 6. desember 1978 | — 54 |
| Ólafur Þórðarson — Minning | — 57 |
| Astrobiology P. G. (Auglýsing) | — 59 |

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar
kl. 9 e. h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.